# 65. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18, 10. July 2017 og hófst hann kl. 16:15

**Fundinn sátu:**
Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Sindri Birgisson umhverfisstjóri og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Stefán Þór Steindórsson, byggingarfulltrúi.

**Fyrir tekið:**

1. **1601378 - Jaðarsbakkar / Guðlaug - útboð**

   *Sviðsstjóri fór yfir viðræður sínar við Ístak um hugsanlega aðkomu þeirra að verkinu.*

2. **1705089 - Akraneshöll - lýsing**

   *Skipulags-og umhverfisráð samþykkir tillögu ráðgjafa frá LISKA um að taka tilboði 3 frá Ískraft/philips í verkið. Tilboðsupphæð er kr. 17.521.021 með VSK.*

3. **1703209 - Sorphirða á Akranesi - útboð 2017**

   *Eftirfarandi tilboð bárust í verkið "sorphirða og rekstur á móttökustöð Gámu á Akranes 2017-2022"*

   *Gámaþjónustu Vesturlands kr. 315.992.048*
   *Kubbur kr. 490.356.000*
   *Íslenska Gámafélgið kr. 389.005.200*

   *Kostnaðaráætlun Mannvits kr. 374.986.380*

   *Skipulags-og umhverfisráð felur sviðsstjóra að ganga til samninga við lægstbjóðanda.*

4. **1704141 - Stígur meðfram Ketilsflöt inn við Garðalund**

   *Eftirfarandi tilboð bárust í verkið "Göngu og hjólastígur meðfram Ketilsflöt"*

   *Skóflan kr. 30.900.000*
   *Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar kr. 26.642.000*
   *Bjarmar kr. 34.749.000*
   *Þróttur kr. 19.961.200*

   *Kostnaðaráætlun kr. 30.637.400*

   *Skipulags-og umhverfisráð felur sviðsstjóra að ganga til samninga við lægstbjóðanda.*

ETB

**5. 1705211 - Fimleikahús Vesturgötu - hönnun**

*Eftirfarandi tilboð bárust í verkið "Fimleikahús Akranesi arkitektaráðgjöf"*

*Andrúm arkitektar kr. 7.935.840*
*PKDM arkitektar kr. 21.441.640*
*Ask arkitektar kr. 8.680.000*

*Kostnaðaráætlun kr. 16.500.000*

*Skipulags-og umhverfisráð felur sviðsstjóra að ganga til samninga við lægstbjóðanda.*

**6. 1701156 - Skógræktarfélag Akraness - styrkir og land til skógræktar**

*Kynntar voru hugmyndir að stærðarbreytingum á landsvæðum í umsjá Skógræktarfélags Akraness, við þjóðveg og upp í Slögu.*

*Skipulags-og umhverfisráð felur umhverfisstjóra að endurskoða fyrirliggjandi samninga við Skógræktarfélagið með tilliti til ofangreindra breytinga.*

**7. 1604022 - Stígakerfi - hönnun og framkvæmdir**

Kynning á vinnu endurskoðun stígakerfis á Akranesi

*Skipulagsfulltrúi og umhverfisstjóri kynntu hugmyndir að heildrænni stefnumótun stígakerfa fyrir endurskoðun aðalskipulags.*

**8. 1703062 - Reiðveganefnd: Tillögur að göngu- og reiðleiðum**

*Umhverfisstjóri kynnti tillögur Reiðveganefndar að uppbyggingu reiðvega á Akranesi næstu árin. Skipulags-og umhverfisráð vísar áframhaldandi vinnu til endurskoðunar á aðalskipulagi.*

**9. 1707006 - Umsókn til Norrænu ráðherranefndarinnar - Norræn verkefni um sjálfbæra þróun þéttbýla**

Akraneskaupstaður var valinn úr hópi umsækjanda til að taka þátt í verkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Leitað var að borgum og þéttbýlum sem unnið hafa sérstaklega að því að skapa aðlaðandi bæjarumhverfi sem er öllum opið og er jafnframt efnahagslega, umhverfislega og félagslega sjálfbært til að taka þátt í norrænu verkefni um sjálfbæra borgarþróun.

*Skipulags-og umhverfisráð fagnar niðurstöðu um styrkveitingu og felur Umhverfisstjóra áframhaldandi vinnu verkefnisins.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:15.**

Einar Brandsson
Rakel Óskarsdóttir
Valgarður L. Jónsson
Kristín Sigurgeirsd.
Stefán Þ. Steindórsson

EB